

1873.

16. apríl.

landssjóðnum er greidd fyrir hönd dómsmálasjóðsins til byggingar hegningarhússins, og

að fê það, sem með þarf til þess að koma fyrir húsakynnum handa prestaskólanum, verði borgað af þeirri upphæð, sem í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, 10. gr., er ætluð til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, og veitist yður vald til að láta borga yður fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands; samt má það eigi með nokkru móti fara fram úr þeim 677 rd., sem tilteknir eru í áætlun yðar um kostnaðinn við þetta, heldur er búizt við, að hann verði eigi meiri, en 625 rd., eins og þér hafið gjört ráð fyrir í brèfi yðar.

Jafnframt og vèr búumst við að fá skýrslu um ráðstafanir yðar í þessu tilliti, þegar að því kemur, og reikning með tilheyrandi skilríkjum yfir kostnaðinn, verðum vèr að því leyti, sem þér að endingu hafið stungið uppá, að landshöfðingja veitist vald til að fá fimleikakennara Steenberg til þess að vera sendibodi við landsyfirrættinn og takast á hendur umsjón um húsakynni prestaskólans, gegn því, að honum sè veittur ókeypis bústaður í fyrnefndu yfirrættarhúsi og 50 rd. í árlegt kaup, — en af því skuli 30 rd. greiddir af dómsmálasjóðnum, en hinir 20 rd. af því fê, sem ætlað er handa prestaskólanum til eldiviðar og ljósa — að mælast til þess, áður en nokkuð er veitt árlega úr dómsmálasjóðnum, að fá skýrslu yðar um, hvort tæður sjóður hafi nokkrar fastar tekjur nú, eptir að skuldabréf hans samkvæmt boðum dómsmálastjórnarinnar eru afsöluð landssjóðnum, og legorðssektir eigi framár falla til hans, en því skal við bætt, að mál þetta er sent kirkju- og kennslustjórninni, að því leyti, sem þetta atriði einnig snertir hana.

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 16. apríl.
yfir Íslandi, um þjónustufrimerki.

Útaf uppástungu yðar, herra landshöfðingi, í brèfi 22. f. m.

1873.

16. apríl.

um, að gefin verði út íslensk þjónustufrímerki uppá 16 sk., gefum vör yður til kynna, að stjórnarráðið eptir krigumstæðunum og sérilagi af því, að það er eigi hægt að finna hæfilegan lit fyrir tæð frímerki, sem bæri nóg á, eigi hefir fundið ástæðu til að láta gefa út slík frímerki nú sem stendur.

16. apríl.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um sveitastjórn.

Í bræfi, dagsettu 8. nóvbrm. f. á., hafði þér, herra landshöfðingi, stungið uppá, að dómsmálastjórnin samkvæmt 61. gr. í tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, ákveði, hvenær tæð tilskipun skuli öðlast fullt gildi, og hafði þér í því tilliti álitid, að þetta yrði að gjöra með tilskipun, sem skyldi birta á manntalsþingum.

Í sambandi við þetta hafði þér stungið uppá ýmsum ráðstöfunum til þess að tilskipunin, ef hægt væri, að minnsta kosti að nokkru leyti gæti öðlast gildi þegar á þessu ári.

Útaf þessu getum vör þess: að stjórnarráðið hefir byggt á því, þegar tilskipunin kom út, að það gæti ekki komið til tals, að hún öðlast fullt gildi fyr en á árinu 1875, og að 61. grein er orðuð eins og hún er einmitt af þessari ástæðu, og svo af því, að það þókti eiga miður vel við að taka beinlínis til nefnt ár, sem væri svo langt að bíða, að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir eigi getað annað en efazt mjög um, hvort hinar ýmsu uppástungur í fyrnefndu bræfi yðar til þess að flýta fyrir því, að tilskipunin öðlast gildi, væri lögmætar, og að eigi þykir næg ástæða til, að láta koma út sérstaka tilskipun, sem verði birt á mantalsþingum um, að tilskipunin um sveitastjórn skuli öðlast gildi samkvæmt 61. gr.; en að öðru leyti mælumst vör til þess, herra landshöfðingi, að þér gjörðið þær ráðstafanir til þess tilskipunin öðlist gildi, þegar búid er að birta hana á manntalsþingum, að kosningar til hreppsnefndanna geti fram farið á hreppskilapingum